





## Byggingarlýsing:

Byggingin er landbúnaðarbygging á jörðinni Mön í Gnúpverjahreppi.

Landnúmer: 177 639

Staðgreinir: 10003

Starfsemi:

byggingin hýsir minkabúr og starfsemi vegna vinnslu minkaskinna. Byggt er við eldra hús.

Helstu stærðir : Sjá skráningartöflu.

Áætlað er að ca. 4 menn vinni í byggingunni.

Stutt byggingarlýsing: Sökklar og undirstöður fyrir þakstoðir eru úr steinsteypu. Burðargrind er úr timbri. langbönd og veggjagrindur eru úr timbri. Þak er klætt með bárustáli og báruplasti. báruplastplötur skulu vera vel gagnsæjar og a.m.k. 25% af þakfleti minkaskálans. veggir eru klæddir með báruplasti og bárustáli. loftræsihlerar eru ú mátakrossvið. hlerarnir skulu vera með öflugum galv. lömum. í öllum loftræsiopum skal vera fast minkanet. þak tengibyggingar skal vera í flokki t1, málmklætt timburþak.

Vinnsluaðstæða í eldri byggingu er stækkuð og skilin frá búrasvæði með eldvarnarvegg.

Veggir í eldra húsi milli skinnaverkunar og búrasvæðis eru EI60. Veggjagrindur eru 50x150 timburstoðir. Milli stoða kemur 150mm steinullareinangrun. Öðru megin á vegginn kemur 13mm gifs og trapisustál en á hina hlið kemur trapisustál.
Loft er klætt með 13mm gifsplötum á eins metra bili næst vegg.
Þak í skinnaverkun er einangrað með 150mm steinull og klætt með málmklæðningu. Á svæði næst eldvarnarvegg er klætt með gifsplötum.

Loft og veggir við eldvarnarhurðir milli tengigangs og nýbyggingar eru klæddir með 13mm gifsplötum á 120 cm bili næst hurð.

Gólf í skinnaverkunarsal er steypt.

Vatnslagnir eru sýnilegar.
Vinnslusalir eru ekki upphitaðir. Í starfsmannaaðstöðu er ofnakerfi.
Útsog er frá öllum lokuðum rýmum um lofttúður í þaki.

Litir og áferð innan- og utanhúss:
Allar veggklæðningar utan- og innanhúss eru í ljósum lit.
Stálklæðning í þaki er í ljósum lit.
Gluggar eru úr timbri. Hurðir eru málmklæddar

## Brunavarnir

Brunahólf
Húsið skiptist í þrjú brunahólf. Vinnslusalur í eldri byggingu og tengigangur milli bygginga, eldri byggingarhluti sem hýsir minkabúr og nýbygging með minkabúrum .
Aðskilnaður milli vinnslusalar (skinnaverkunaraðstöðu) og vinnusalar er með a.m.k. EI60 vegg og a.m.k. EI-CS30 hurð. Gengið skal frá brunalokun í þaki með EI60 lokun a.m.k. 1 m sitt hvorum megin við vegg.

Búrasvæði í nýbyggingu er eitt brunahólf.
Búrasvæði í eldribyggingu ásamt tengigangi milli búrasvæða er eitt brunahólf.
Skinnaverkunarsalur og aðstaða starfsfólks ásamt tengigangi er eitt brunahólf.

Reyklosun er um þakglugga úr auðbrennanlegu efni. flatarmál opa er a.m.k.5% af gólffleti.

Burðarvirki
Burðarvirki hússins eru úr timbri, þak og veggir klæddir með málmklæðningu .

Klæðningar
Klæðningar (utan- og innanhúss) verða almennt í flokki 1 og gólfefni í flokki G.

Flóttaleiðir
Flóttaleiðir eru í samræmi við reglur Brunamálastofnunar .
Frá hverju brunahólfi eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir.
Rýmingarleiðir og björgunarop verða í samræmi við gildandi byggingarreglugerð.

Slöngukefli og slökkvitæki
Slöngukefli og slökkvitæki verða sett upp í húsinu. Slökkvitæki skulu staðsett við brunaslöngur.
Viðeigandi merkingar skulu vera við slökkvibúnað.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð og ÍSTEN1838.
Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum en 0,5 lux á opnum svæðum (skrifstofum, vinnslusal og þjónusturýmum).

---

**SAMÞYKKT**
27 OKT. 2011
Byggingafulltrúi uppsv. Árnessýslu og Flóahr.

## ÚTGÁFUFERILL

| NÚMER: | DAGS. | SKÝRINGAR: | UNNIÐ: |
|---|---|---|---|
| B | 04.05.'11 | Breikkað hús | H.Á. |
| C | 16.05.'11 | Ný tengibygging | H.Á. |
| D | 12.10.'11 | Breytt fyrirkomulag í eldra húsi | H.Á. |
| E | 05.11.'11 | Brunaslanga færð | H.Á. |

DAGS. | SAMRÆM.HÖNNUÐUR


Verkfræðistofa Hauks Ásgeirssonar
DALVEGI 18
201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 534 8815 / 897 8132
FAX: 534 8818
NETFANG: haukur@vha.is
kt: 560600-3050


HEITI VERKS:
# MÖN, MINKABÚ GNÚPVERJAHREPPI

HEITI TEIKNINGAR:
## AFSTÖÐUMYND
## GRUNNMYND ÞJÓNUSTUKJARNA
## BYGGINGARLÝSING

| MKV. | DAGS. | VERK NR | |
|---|---|---|---|
| 1:1000 1:100 | AP. 11 | 1250 | |
| TEIKNAÐ. H.Á. | YFIRFARIÐ H.Á. | SAMÞYKKT H.Á. | TEIKN.NÚMER A2 |
| DAGS.undirskr. 07.04.'11 | NAFN HÖNNUÐAR Haukur Ásgeirsson kt: 301255-4629 | | |
| UNDIRSKR.HÖNNUÐAR | | | ÚTGÁFA E |

G:\2011 Teikningar\Mön refabú\11 10 10 Mön minkahus.dwg